

Kæru foreldrar/forráðamenn og nemendur.

Mikill áhugi hefur verið fyrir Vísindaskóla unga fólksins í ár eins og undanfarin 5 ár. Skólinn stendur yfir vikuna 22.-26. júní frá kl. 9:00-15:00.

Skólinn verður settur mánudaginn **22. júní kl. 8:30**. Við biðjum alla nemendur að mæta tímanlega í anddyri Háskólans á Akureyri, aðalinngangur. Þar munum við taka á móti þeim og ræða stuttlega við þá áður en skólinn hefst.

Skipulagi skólans verður þannig háttað að nemendum verður skipt upp í fimm hópa og fær hver hópur að kynna nýju þema á hverjum degi. Upplýsingar um það í hvaða hóp ykkar barn/börn eru og í hvaða röð farið er í gegnum þemum koma á morgun, föstudag, ásamt fleiri praktískum upplýsingum. **Athugið að við höfum tekið tillit til þeirra óska sem hafa borist varðandi börn sem vilja vera saman í hóp.** Mikilvægt er að þessa upplýsingar berist fyrir hádegi á morgun, föstudag.

Skólanum líkur formlega **föstudaginn 26. júní kl. 15:30** með útskrift nemenda í hátíðarsal Háskólans á Akureyri. Við útskriftina verða reglur sóttvaranlæknis virtar og foreldrar og systkini eru velkomin.

**Athugið eftirfarandi:** Við biðjum foreldra/forráðamenn að skoða vel [dagskrá](#) Vísindaskólans en þar má sjá hvað er gert í hverju þema. Stundum fer kennsla fram utan dyra og þá þurfa börnin að vera með fatnað miðað við veður á hverjum degi, hlýja yfirhöfn og regntau.

**Mjög mikilvægt er að nemendur mæti á réttum tíma.** Framkoma barna á undarförnum árum hefur verið til fyrirmyndar en þó hafa komið upp einstaka tilvik þar sem að nemendur hafa truflað kennslustundir með óæskilegri hegðun. Við brýnum fyrir foreldrum að hvetja börn sín til trúðmennsku. Ef þau ítrekað virða ekki umgengnisreglur munum við hafa samband við foreldra til þess að finna æskilega lausn á vandanum.

Dagskráin í öllum þemum hefst í Háskólanum á Akureyri og endar á sama stað. Einn daginn fara börn í heimsókn á sveitabæi og áriðandi er að við fáum upplýsingar um það hvort að einhverjir af nemendum hafi ofnæmi fyrir dýrum og gróðri.

Viljum biðja alla nemendur að hafa með sér **holla morgunhressingu t.d. ávexti, brauðsneið eða safa.**

Inn í þátttökugjaldinu er heitur matur í hádeginu. Hér má sjá [matseðilinn](#)  
Allar nánari upplýsingar um skólann og skipulag kennslunnar má finna inn á heimasíðunni [www.visindaskoli.is](http://www.visindaskoli.is)

**Ath. eftirfarandi varðandi þemun:**

**Er hjartað bara líffæri?:**

- Hluti af dagskránni fer fram í íþróttasal skólans og því æskilegt að nemendur komi þann dag með þægileg íþróttaföt og handklæði ef þau vilja nýta sér sturtuaðstöðu skólans.
- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

**Hvernig ferðumst við án olíu?:**

- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

**Góður bær, betri bær:**

- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

**Afi minn og amma mín út á bakka búa:**

- Mikilvægt er að foreldrar og börn lesi leiðbeiningar um námskeiðið sem má finna [hér](#).
- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

**Sameiginleg framtíð okkar allra:**

- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

Ef þið hafið einhverjar spurningar getið þið sent póst á netfangið [visindaskoli@unak.is](mailto:visindaskoli@unak.is) eða haft samband við Dönu Rán Jónsdóttur, verkefnastjóra Vísindaskólans í síma 460-8906.

**Eftir að skólinn hefst er hægt að ná í Sigrúnu Stefánsdóttur, skólastjóra, í síma 861-4499 og Dönu Rán í síma 869-3560.**